

Sp. 171. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um viðskipti með greiðslufresti.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Sigurður Þórólfsson, Stefán Benediktsson,
Haraldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
Valdimar Indriðason, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa löggjöf um viðskipti með greiðslufresti.

G r e i n a r g e r ð .

Núgildandi lög um lausafjárkaup eru síðan 1922. Á undanförunum árum hafa umræður um kaupalögin ekki síst tekið mið af þeim ákvæðum laganna sem fela í sér að aðilar að kaupsamningi geta vikið ákvæðum kaupalaganna til hliðar, sbr. 1. gr. laganna. Eins og nærri má geta hafa orðið miklar breytingar á viðskiptaháttum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna, enda hefur oftsinnis verið bent á að þau bæri að endurskoða í ljósi breyttra tíma.

Sú tillaga til þingsályktunar, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því að sett verði sérstök löggjöf um viðskipti með greiðslufresti, meðal annars með hliðsjón af notkun víxla, skuldabréfa, greiðslukorta og reikningsviðskipta, en síðast en ekki síst verður slík löggjöf að taka til samninga með eignarréttarfyrrvara. Markmið og tilgangur slíkrar löggjafar yrði tvímælalaust að draga sem skýrastar markalínur um réttarstöðu kaupanda og seljanda hvors gagnvart öðrum sem yrði um leið mikilvægt spor í átt til aukinnar neytendaverndar. Neytendasamtökin hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga og margsinnis bent á hversu brýnt væri að setja lög á þessu sviði. Til marks um viðleitni stjórnvalda á undanförunum árum má nefna að á löggjafarþinginu 1978–79 var lagt fram stjórnarfrumvarp um afborgunarkaup, en frumvarpið náði ekki fram að ganga. Í janúar 1983 lágu fyrir drög að frumvarpi til laga um lánsviðskipti (afborgunarkaup) sem samið var á vegum viðskiptaráðuneytisins.

Á þessu sviði sem mörgum öðrum hafa Norðurlandþjóðirnar haft með sér náið samstarf. Löggjöf þessara þjóða, að minnsta kosti Dana, Svía og Norðmanna, er mjög svipuð um flest atriði sem máli skipta enda höfðu þær með sér samvinnu við undirbúning þeirra á áttunda áratugnum. Tilgangur þeirrar samvinnu var þó ekki að löggjöfin yrði samhljóða heldur að bera saman bækurnar um það hvar skórinn kreppti. Reyndar hefur miklu víðar um lönd verið sterk tilhneiging til þess að styrkja stöðu neytenda á ýmsum sviðum en þar höfum við að margra dómi verið eftirbátar, ekki aðeins vegna þess að lagakróka hafi vantað, heldur og ekki síður vegna þess að við höfum ekki stuðlað að nógu sterkum neytendasamtökum og í því efni hefur ýmislegt komið til. Hér á landi hefur það mjög farið eftir fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra hverra réttinda neytandinn hefur notið. Dómsmál á þessu sviði eru allt of mörg að áliti flestra sem til þekkja.

Þau frumvörp, sem þegar hafa verið samin um það efni sem þessi tillaga til þingsályktunar varðar, er sjálfsagt að hafa til hliðsjónar við undirbúning þessa máls, ásamt nútímaviðhorfum í íslensku viðskiptalífi og því sem nýtilegt er úr löggjöf annarra Norðurlandþjóða. Undirbúningi þessa máls væri æskilegt að hraða svo að þetta þing, sem nú situr, beri gæfu til þess að samþykkja löggjöf um það efni sem vikið er að í tillögunni.